

## Fundur IOTA deildar haldinn á Flateyri 29. mars 2023

Mættar voru 11 konur.

Við byrjuðum í samfélagshúsinu Skúrinni þar sem við fengum kynningu á Lýðskólanum á Flateyri frá skólastjóra Lýðskólans, Katrínu Maríu Gísladóttur ásamt annarri úr stjórn skólans, Kristínu Pétursdóttur. Við fengum síðan að skoða stúdentaíbúðir sem verið er að byggja við skólann.

Á Bryggjukaffi setti formaðurinn fundinn formlega og kveikti á kertum.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir eigandi Bryggjukaffis og skólastjóri grunnskólans sagði okkur síðan frá sér og aðkomu sinni að skautasvelli sem búið er að "reisa" og orðið er formlegt og varanlegt skautasvell, það hefur fengið nafnið Siggasvell eftir öðrum stofnanda þess, sem nýlega er látinn. Þar fengum við einnig mjög góða fiskisúpu og ýmis málefni voru rædd.

Konan sem átti að vera með orð til umhugsunar komst ekki, svo þeim þætti var sleppt í þetta sinn. Formaður minnti á landsfundinn sem haldinn verður í Hveragerði í maí og hvatti konur til að skrá sig sem fyrst, því frestur til að bóka hotel er að renna út.

Næsti fundur ákveðinn í Heydal laugardaginn 29. apríl.

Fundi slitið kl. 20.30

Jónína Hrönn Símonardóttir, ritari.